

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 13. apríl 2016
UST201604-024/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka – Breiðárlón. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða frekari efnistöku úr námu sem opnuð var 2003. Til þessa hafa verið teknir 49.000 m³ af grjóti úr námunni. Ráðgert er að taka í áföngum 40.000 m³ til viðbótar á næstu 15 árum.

Svæðið er á náttúruminjaskrá og er verndargildi þess talið vera: „Jökulsárlón er þekktasta jaðarlón á landinu. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarri vaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir.“ Auk þess er Breiðamerkursandur skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði vegna skúms og lóms. Talið er að búsvæði þessara tegunda sé helst að finna nærri sjó.


Náman er í gabbróinnsskoti á svæði sem nýlega er komið undan jökli. Svæðið er því sem næst gróðurlaust. Umhverfisstofnun telur að efnistakan muni ekki hafa áhrif á náttúruverndargildi svæðisins. Tilgangur framkvæmdarinnar er m.a. að viðhalda núverandi ástandi við Jökulsárlón.


Efnistakan er í jarðmyndun sem nýtur ekki sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif efnistökkunnar verði sjónræn áhrif, en unnt ætti að vera að draga verulega úr þeim með vandaðri landmótun.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að þar sem efnistakan er fyrirhuguð í fleiri áföngum með nokkurra ára millibili eigi að vanda landmótun námunnar við hvern áfanga og skilja þannig við námuna í hvert sinn að sjónræn áhrif verði sem minnst. Umhverfisstofnun bendir á að við skipulagningu efnistökkunnar mætti gera ráð fyrir aukinni þörf á rof- og sjónvörnum vegna hækkunar sjávarborðs.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri